

SÖNGVATNIÐ

Lag: Hanna Peuckert

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

Við skulum allir skálum klingja!
Hver skrambinn, er flaskan orðin tóm?
Við náum aldrei okkar tæra hljóm
er þurrkur hálsinn þrengir.
Við þurfum tár, þurfum tárið drengir.

Við skálum hátt við skæran sönginn.
Hver skrambinn, var einn með fýlusvip?
Við þolum ekki slíkan gallagrip.
Við skulum sáttir syngja
og saman nú, saman glösunum klingja.

Nú skíran heyrir skæran tóninn.
Hver skrambinn, og píanissimó!
Það gengur ef í glösunum er nóg.
Já ljúft nú lagið hljómar,
því lýkur ef flöskur verða tómar.